

5. Stjórnarfundur FORMA 2010 – 2011

Dags: 8. Mars 2011

Tími: kl. 16:30

Staður: Gamli skóli

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson, Ólína Freysteinsdóttir, Ómar Pétursson og Steinunn Hreiðarsdóttir

Gestir: Jón Már Héðinsson skólameistari og Alma Oddgeirsdóttir kennari

1. Fundarsetning

Ívar Ragnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Fundargerð

Fundargerðir tveggja síðustu funda samþykktar.

3. Íslandsáfanginn

Jón Már svaraði fyrirspurnum og greindi m.a. frá því að:

- Íslandsáfanginn gengur vel og skv. könnun í janúar s.l. eru nemendur almennt ánægðir með áfangann. Áfram rætt um ýmsa hliðar áfangans og áhrifin sem hann hefur haft. Almenn ánægja er meðal kennara með áfangann og rýnihópar eru starfandi, líka meðal nemenda, bæði um áfangann í heild og einstök verkefni.
- Minna var um fall í hinum greinunum í 1. bekk, stærðfræði, ensku, þýsku og frönsku, en verið hefur undanfarin ár.
- Ný námskrá eykur val nemenda úr 7% í 20 – 25% eftir sviðum.
- Þriggja daga fræðsla í fjármálalæsi fyrirhuguð í 2. bekk.

4. Brottfall nemenda úr MA

Herdís svaraði fyrirspurn um brottfall nemenda úr MA eftir 1. bekk en það er sambærilegt því að rúmlega einn bekkur hætti. Helstu ástæður fyrir brottfallinu voru ræddar og leiðir til þess að sporna gegn því.

Alma sagði frá því hvernig verið er að auka nemendalýðræði í MA með bekkjarfundum en fulltrúi nemenda fer síðan á fund með skólastjórnendum til þess að koma málefnum frá bekkjarfundunum á framfæri.

5. Velgengnisdagar á vorönn 2011

Alma sagði frá fyrirkomulagi á velgengnisdögum sem verða 31.mars. – 1.apríl.

Áherslan verður á lífsstíl og forvarnir. Upphafsfyrirlesturinn „Heilsa – heilbrigði – hamingja“ sem Dagbjört Brynja Harðardóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir flytja, sækja allir nemendur. Síðan eru 4 smiðjur:

- 1) Upplýsingasamfélagið
- 2) Geðið góða (jákvæða sálfræði)
- 3) Áhættuhegðun
- 4) Heilbrigðan lífsstíl

6. Skálaferðir nemenda

Enn rætt um það hvernig hægt sé að koma þeim á aftur. Núna um möguleikann á að umsjónarkennarar taki að sér undirbúninginn en að foreldrar færu með nemendum í skálaferðirnar. Hugmynd um að prófa þetta fyrirkomulag var aðeins reifuð.

Rætt um möguleikann á samkomulagi milli foreldra og umsjónarkennara um að hann fari með í skálaferðirnar. Ákveðið var að senda formlegt bréf til skólans þar sem farið er fram á að umsjónarkennarar taki að sér undirbúninginn en að foreldrar fari með nemendum í skálaferðirnar nema um annað sé samið við umsjónarkennara. Steinunn Hreiðarsdóttir tekur það að sér.

7. Úttekt á Menntaskólanum á Akureyri

Jón Már sagði frá því að dagana 29. apríl og 2. maí koma úttektaraðilar frá Menntamálaráðuneytinu til þess að taka út skólann. Þeir munu tala við nemendur, starfsfólk og foreldra/fulltrúa foreldra.

8. Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er á næsta leiti og ræddar voru dagsetningar og hugmyndir um fyrirlestra. Ákveðið að Alma og Ólína kanni það hvort Dagbjört Brynja Harðardóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir geti flutt fyrirlesturinn sinn „Heilsa – heilbrigði – hamingja“ og að Ívar kanni það hvort Guðjón Hauksson sé tilbúinn að flytja fyrirlestur um tölvunotkun. Ákveðið að sjá til með dagsetningu þar til búið væri að hafa samband við hugsanlega fyrirlesara.

Þá var rætt um fundarstjórn á forvarnardaginn og Ívar ætlar reyna að fá fundarstjóra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 18:45

Drífa Þorgrímsdóttir
ritari